

**Ed.**

**316. Nefndarálit**

[51. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sannfærzt um, að sú breyting á tveimur prestaköllum í Norður-Múlaprófastsdæmi, er frv. gerir ráð fyrir, er í samræmi við vilja viðkomandi safnaða. Er menntmn. samþykk þeirri breytingu.

Um heimild til flutnings prestsseturs frá Æsustöðum að Auðkúlu er ágreiningur heima fyrir. Mælir menntmn. með heimild til flutnings prestssetursins að því tilskildu, að samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu komi til.

Samkv. ósk þingmanns Suður-Þingeyinga tók menntmn. til athugunar frv., er hann flutti á síðasta Alþingi um flutning prestsseturs frá Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu á hentugri stað í prestakallinu. Óskaði hann eftir, að menntmn. flytti efni þess frv. sem brtt. við þetta frv. Ágreiningur er í söfnuðum Vatnsenda-prestakalls um flutning prestssetursins. Menntmn. flytur þá viðbótartillögu við þetta frv., að heimilt skuli að flytja prestssetrið frá Vatnsenda að tilskildu samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

Samkv. þessu leggur menntmn. til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. c. Stafliðurinn orðist svo:  
Við XVII. 89 (Æsustaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi) bætist:  
Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu, enda liggja fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.
2. Aftan við 1. gr. komi nýr stafliður, svo hljóðandi:  
Aftan við XX. 110 (Vatnsendaprestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Heimilt er kirkjustjórninni að selja Vatnsenda og flytja prestssetrið á hentugri stað, enda liggja fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu.

Alþingi, 10. marz 1959.

Sigurvin Einarsson, Eggert G. Þorsteinsson, Sigurður Ó. Ólafsson.  
form., frsm. fundaskr.  
Gunnar Thoroddsen. F. R. Valdemarsson.